

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 18. desember 2018 í máli nr. E-650/2018:

Vegagerðin

(Reynir Karlsson lögmaður)

gegn

Tryggingamiðstöðinni hf.

(Hjörleifur B. Kvaran lögmaður)

Mál þetta er höfðað með birtingu stefnu þann 27. febrúar 2018 og dómtekið 22. nóvember 2018. Stefnandi er Vegagerðin, Borgatúni 5–7, Reykjavík og stefndi Tryggingamiðstöðin hf., Síðumúla 24, Reykjavík.

Stefnandi krefst þess að viðurkennd verði skaðabótaskylda stefnda úr ökutækjatrýggingu einkahlutafélagsins Karínu kt. 560604-3190 vegna óhapps sem varð þegar vörubifreið þess, KY-779 með festivagninum JV-B72 valt í Ártúnsbrekku í Reykjavík 25. júlí 2015, með þeim afleiðingum að mól sem vörubifreiðin flutti dreifðist um stóran hluta vegarins og leiddi til tjóns fyrir stefnanda vegna kostnaðar við hreinsun á veginum. Þá krefst stefnandi málskostnaðar.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda auk málskostnaðar.

I.

Þann 20. júlí 2015 valt vörubifreiðin KY-779 með festivagninum JV-B72 í Ártúnsbrekku í Reykjavík. Vörubifreiðin var að flytja mól, sem hafði verið mokað upp á festivagninn. Við bílveltuna dreifðist mól um stóran hluta vegarins og varð að loka aðliggjandi götum vegna þessa. Samkvæmt lögregluskýrslu var bifreiðinni miðað við ökuritaskífu hennar, ekið á nálægt 100 kílómetra hraða þegar hún valt. Við bílveltuna voru gerðar ráðstafanir til þess að fjarlægja bifreiðina og festivagninn af vettvangi. Unnu stefnandi og verktakar sem voru kallaðir til að hreinsun götunnar. Kostnaður stefnanda vegna þessa var 354.077 krónur. Stefnandi sendi stefnda reikning vegna þessa. Stefndi hafnaði greiðsluskyldu með bréfi dagsettu 28. október 2015. Stefnandi skaut málinu til úrskurðarnefndar í váttryggingarmálum. Með úrskurði nefndarinnar þann 17. október 2016 var því hafnað að stefnandi ætti rétt til greiðslu skaðabóta úr lögboðinn váttryggingu eiganda vörubifreiðarinnar hjá stefnda. Í úrskurðinum er vísað til þess að það sé lögbundið hlutverk stefnanda að annast þjónustu og viðhald vega og engin lagaheimild sé til sérstakrar gjaldtöku vegna kostnaður við hreinsun vega óháð því hvernig til hans sé stofnað.

Ágreiningur stefnanda og stefnda snýst um hvor eigi að bera kostnað af hreinsun vegarins.

II.

Helstu málsástæður stefnanda

Stefnandi byggir á því að í veghaldi samkvæmt 1. mgr. 13. gr. vegalaga nr. 80/2007 felist forræði yfir vegi og vegsvæði, þ.m.t. þjónusta og viðhald vega, sbr. 5. tl. 1. mgr. 3. gr. sömu laga. Í því felist hins vegar ekki að stefnandi geti ekki átt einkaréttarlegar kröfur vegna tjóns sem þriðji aðili veldur á vegum. Þvert á móti leiði þetta hlutverk hans til þess að hann geti sótt skaðabætur til þriðja aðila, enda séu bótaskilyrði að öðru leyti uppfyllt. Fráleitt sé að að undanþiggja íslenska ríkið eða stofnanir þess rétti til að sækja bætur við slíkar aðstæður.

Stefnandi vísar til þess að réttur til að sækja skaðbætur til þeirra sem valdi tjóni á vegum sé óháður því hvort heimild sé í lögum til sérstakrar gjaldtöku. Krafa stefnanda sé ekki slík krafa, heldur skaðabótakrafa sem hafi stofnast vegna notkunar á skráningarskyldu ökutæki. Eigandi ökutækisins sem ber ábyrgð á því, sbr. 1. mgr. 90. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 1. mgr. 88. gr. laganna, hafi keypt lögbundna ábyrgðartryggingu hjá stefnda í samræmi við a-lið 1. mgr. 91. gr. sömu laga.

Stefnandi vísar til þess að skilmálar ökutryggingarinnar, sbr. grein 2.1 taki til sérhvernar skaðabótakröfu samkvæmt umferðarlögum sem hljótist af notkun ökutækisins, þ.m.t. tjóns sem stefnandi varð fyrir vegna hreinsunar á veginum sem er bein afleiðing af notkun ökutækisins í skilningi 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, enda bifreiðin í eðlilegri notkun sem vörubifreið þegar óhappið varð.

Stefnandi vísar til þess að hraði vörubifreiðarinnar hafi verið nálægt 100 km á klukkustund þegar slysið varð og því hafi verið um stórkostlegt gáleysi að ræða hjá öikumanni hennar, sem ekki hafi haft réttindi til að aka bifreið af þessari stærð. Háttsemi hans hafi því verið sagnæm og ólögmat og bótaskilyrði almennu skaðabóta-reglunnar uppfyllt, enda tjón stefnanda sennileg afleiðing þessarar háttsemi.

Stefnandi telur að mól á vegi sem raski öryggi umferðar og rekja megi til venjulegrar notkunar ökutækis falli undir 2. mgr. 47. gr. vegalaga sem heimili stefnanda að fjarlægja óviðkomandi hluti af vegi eða vegasvæði á kostnað eiganda.

III.

Helstu málsástæður stefnda

Stefndi byggir á því að sá sem höfðar mál til viðurkenningar skaðabótaskyldu verði að leiða nægar líkur að því að hann hafi orðið fyrir tjóni, í hverju tjón hans

felst og hver tengsl þess séu við atvik málsins.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að þau lagaákvæði sem stefnandi vísar til, þ.e. 88. gr. og 90. gr. umferðarlaga nr 50/1987, eigi ekki við um það tilvik sem krafist er að verði viðurkennt sem bótaskyldt. Stefnandi vísar til skrifa fræðimanna þar sem með orðinu tjón, í skilningi laganna, sé átt við tjón á mönnum eða munum. Þetta hafi komið skýrt fram í eldri lögum og í greinargerð með núverandi lögum sé sérstaklega tekið fram að ekki hafi staðið til að víkka gildissvið laganna þannig að orðið taki einnig til tjóns sem hvorki má rekja til líkamsmeiðsla né skemmda á munum.

Stefndi byggir sýknukröfu sína jafnframt á því að stefnandi sé opinber aðili sem sé ekki heimilt að taka gjald fyrir veitta þjónustu nema lög heimili það sérstaklega. Stefnandi hafi lögbundna tekjustofna og megi nefna sem dæmi 2. mgr. 23. gr. laga um olúgjald og kílómetragjald nr. 87/2004, en skattur sem þar er sérstaklega lagður á eldsneyti rennur til stefnanda.

Stefndi vísar til þess að veghald þjóðvega er eitt helsta verkefni stefnanda samkvæmt vegalögum nr. 80/2007. Í lögnum er veghald þjóðvega skilgreint sem forræði yfir vegi og vegsvæði, þ.m.t. vegagerð, þjónusta og viðhald vega. Í vegalögum sé hvergi að finna heimild til sérstakrar gjaldtöku fyrir að sinna lögbundnu hlutverki við veghald eða sækja greiðslur til þriðja aðila, þó að ítarlega sé fjallað um hlutverk stefnanda sem veghaldara í IV. kafla vegalaga. Í 46. gr. laganna sé kveðið á um að veghaldari beri ábyrgð á því að vegir sem opnir eru almenningi til frjálstrar umferðar uppfylli kröfur sem gerðar eru með tilliti til öryggis umferðar, ástands vega, merkinga og annarra þátta sem kveðið er á um í lögnum.

IV.

Niðurstaða

Samkvæmt 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 ber þeim sem ábyrgð ber á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki að bæta tjón sem hlýst af notkun þess. Samkvæmt 1. mgr. 90. gr er það eigandi ökutækis sem ber ábyrgðina. Skráður eigandi bifreiðarinnar keypti ábyrgðartryggingu hjá stefnda í samræmi við 1. mgr. 91. gr. og 93. gr. laga nr. 50/1987. Enginn ágreiningur er um að kröfunni sé því réttilega beint að stefnda.

Samkvæmt 12. gr. vegalaga nr. 80/2007 ber stefnandi sem veghaldari ábyrgð á veghaldi vegar. Við veghaldið skal gæta umferðaröryggis og að umferð eigi greiða og góða leið um vegi. Með veghaldi er átt við forræði yfir vegi og vegsvæði, þ.m.t. vegagerð, þjónustu og viðhald vega, samanber 5. tl. 3. gr. vegalaga nr. 80/2007. Samkvæmt 15. gr. vegalaga hefur veghaldari eftirlit með því að veghaldi allra vega

sem ætlaðir eru almenningi til frjálsrar umferðar og kostaðir eru af fé ríkisins sé sinnt í samræmi við ákvæði laganna og ber honum að hlutast til um úrbætur ef út af bregður. Samkvæmt 46. gr. vegalaga skulu vegir sem opnir eru almenningi uppfylla kröfur sem gerðar eru með tilliti til öryggis umferðar, ástands vega og annarra þátta sem veghaldari ber ábyrgð á. Skyldur stefnanda samkvæmt vegalögum eru því ótvíræðar.

Í vegalögum er ekki að finna heimild til gjaldtöku til handa stefnanda fyrir að sinna lögbundnu hlutverki sínu sem veghaldari, að öðru leyti en því að veghaldara er samkvæmt 47. gr. vegalaga nr. 80/2007 heimilt að fjarlægja á kostnað eiganda óviðkomandi hluti eða muni sem skildir hafa verið eftir á eða við vegsvæði og geta valdið hættu á slysum. Ekki verður fallist á að undir ákvæðið heyri afleiðingar slyss sem leiðir til þess að brak eða munir sem nauðsynlegt er að fjarlægja falla á vegsvæði. Slyss eru óhjákvæmilegur fylgifiskur umferðar og geta leitt til þess að nauðsynlegt verði að hreinsa vegsvæðið til að tryggja greiðfæra umferð. Það hlutverk er í höndum stefnanda sem þarf að standa straum af þeim kostnaði. Afleiðingar slysa geta óhjákvæmilega leitt til útgjalda ýmissa stofnana ríkisins sem reknar eru fyrir almannaþé á grundvelli lögbundinna tekjustofna. Þessar stofnanir geta ekki framvísað þeim kostnaði sem fellur til af þessum ástæðum til þriðja aðila án lagaheimildar. Sá kostnaður sem stefnandi varð fyrir við hreinsun vegarins eftir að vörubifreiðin fór á hliðina er því þáttur í lögbundnu hlutverki stefnanda við veghald eins og það er ákveðið í vegalögum. Þetta lögbundna hlutverk og skortur á skýrri lagaheimild til gjaldtöku leiðir til þess að ekki er unnt að fallast á að kostnaður við hreinsun á mól eftir að bifreiðin valt á hliðina falli undir tjón í skilningi 1. mgr. 88. gr. laga nr. 50/1987.

Með hliðsjón af framangreindu verður því að hafna kröfu stefnanda um viðurkenningu á skaðabótaskyldu stefnda úr ökutækjategyggingu vegna kostnaðar við hreinsun á veginum

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Af hálfu stefnanda flutti málið Reynir Karlsson lögmaður.

Af hálfu stefnda flutti málið Hjörleifur Kvaran lögmaður.

Helgi Sigurðsson, héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Tryggingamiðstöðin hf., er sýknaður af kröfum stefnanda.

Málskostnaður fellur niður.

Helgi Sigurðsson (sign.)